

Verkefni : Enter

Styrkþegi: Rauði Krossinn í Kópavogi

Samantekt

Enter er samstarfsverkefni Rauða krossins í Kópavogi og móttökudeild nýbúa Álfhólsskóla. Ungir innflytjendur á aldrinum 9-12 ára hafa tekið þátt í verkefninu. Börnin koma einu sinni í viku eftir skóla í Rauðakrosshúsið í Kópavogi og fá meðal annars málörvun og fræðslu um tómstundastarf í Kópavogi í gegnum fjölbreytta leiki og vettvangsferðir. Markmið verkefnisins er að auðvelda börnum af erlendum uppruna aðlögun að íslensku samfélagi og virka þátttöku í því. Verkefnið er einnig hugsað sem samfélagsfræðsla sem börnin og sjálfboðaliðar geta haft gagn og gaman af. Tilgangurinn með verkefninu er auk þess að gera börnum af erlendum uppruna í Kópavogi kleift að vinna að skemmtilegum verkefnum utan skóla.

Markmiðum verkefnisins var náð að því leytinu til að markmið og gildi verkefnisins; að auðvelda börnum af erlendum uppruna aðlögun að íslensku samfélagi og virka þátttöku, náðist. Verkefnið var einnig hugsað sem samfélagsfræðsla með málörvun sem bæði börnin og sjálfboðaliðar höfðu gaman að og það tókst einnig. Það má álykta út frá þeim mælanlega árangri að þau börn sem höfðu aðgang að verkefninu sóttu í það og virtust flest hafa mjög gaman að með virkri þátttöku í því sem var á döfinni hverju sinni. Breytingar urðu þó á skólakerfinu með tilheyrandi sameiningu skóla í Kópavogi sem breyttu forsendum þess að hægt væri að bjóða breiðari hóp upp á samverur. Auk þess virðist nýjum börnum af erlendum uppruna sem þurfa mikla aðlögun hafa fækkað að einhverju leyti. Verkefnið laðar að sér sjálfboðaliða en þó reynist erfitt að koma til móts við það þar sem verkefnið er á þeim tíma sem margir stunda vinnu og skóla. Ekki er hægt að hliðra til tímasetningu verkefnisins þar sem samverur þurfa að vera í beinu framhaldi við stundaskrá nemenda.

Verkefnið er mjög sýnilegt og mikið lagt í að kynna það fyrir þátttakendum, foreldrum og forráðamönnum. Börnin sýndu verk sín og skreyttu Rauðakrosshúsið með verkum sínum þar sem fjöldi fólks á leið um. Þá voru skrifaðar reglulega fréttir af starfinu inni á vef deildarinnar.

Project: Enter

Grantee: Redcross Kópavogur Branch

Abstract

Enter is a project that operates in cooperation with the immigrants' reception department of the school of Álfhólsskóli in Kópavogur. Participants are young immigrants 9 to 12 years of age. The children meet once a week after school at the Red Cross house in Kópavogur. They receive for example, support in learning Icelandic and instruction regarding the different recreational activities in Kópavogur. During the program, children participate in a variety of activities and go on fun and educational field trips. The goal of this project is to facilitate children's process of adaptation into Icelandic society and to stimulate their participation. The project is a sort of society training that children and volunteers can both benefit from and enjoy.

The goal of the Enter project was accomplished by facilitating the children's process of adaptation through language learning, instructions, educational games and field trips where both volunteers and the children could benefit. That can be measured by how many children, that were able to participate, did and most of them took part in the project in a stimulating way. The project was also popular amongst volunteers but the timing of the project was not convenient because many are at work or school at that time. The timing could not be changed due to the children's timetables. As the school system changed in Kópavogur, when two schools merged into one, the foundation changed for a project like this, it was no longer possible to invite such a wide variety of participants at one time. The children's timetables became more diverse, they were no longer all in the immigrants' reception department at once, and the children were spread into general classes. It also seems that the number of children of foreign origin that need a great deal of adaptation have decreased.

The project was very visible and a great deal of effort was put in introducing it to the participants and guardians. The children exhibited their work and decorated the Red Cross house in Kópavogur where many people visit. Kópavogur Branch also wrote news regarding the process of the project on the Branch's website.